

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu miklu fé hefur verið varið til eftirtalinnna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli árlega sl. tíu ár, hverjir greiddu kostnaðinn og hversu mikinn hluta hans greiddi íslenska ríkið:

- a. nýbygginga,*
- b. viðhalds mannvirkja, þ.m.t. flugbrauta,*
- c. snjómoksturs?*

Í meðfylgjandi töflum kemur fram kostnaður ríkisins annars vegar og kostnaður varnarliðsins hins vegar við framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Kostnaðartölur ríkisins eru byggðar á upplýsingum frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli um það fé sem þessir aðilar hafa varið í framkvæmdir á flugvellið sl. tíu ár. Í gögnunum er tilgreint hversu miklu fé hefur verið varið í fjárfestingar, viðhald og snjómokstur.

Í kostnaðartölum varnarliðsins er um að ræða heildarkostnað á öllu varnarsvæðinu, bæði kostnað sem Bandaríkin hafa greitt og kostnað sem greiddur hefur verið úr sjóðum Atlantshafsbandalagsins.

Þá hafa einkafyrirtæki eins og FL Group ásamt dótturfyrirtækjum, Suðurflugi hf. og Flugflutningum ehf., varið þó nokkru fé í framkvæmdir við Keflavíkurflugvöll sl. tíu ár.

Kostnaður varnarliðsins við framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.¹

Fjárhagsár	Snjór og ís, hreinsun	Fjárfestingar	Viðhald (m.a. flugbrautir) ²	Heildarkostnaður á fjárhagsári
1994–1995	77.267	14.946	508.331	600.544
1995–1996	85.752	18.156	512.207	616.115
1996–1997	80.221	20.022	469.029	569.272
1997–1998	101.296	31.509	478.732	611.537
1998–1999	111.301	38.647	573.791	723.739
1999–2000	114.872	36.521	967.936	1.119.329
2000–2001	135.282	118.760	2.753.570	3.007.612
2001–2002	146.103	110.515	2.145.301	2.401.919
2002–2003	140.348	139.130	1.900.540	2.180.018
2003–2004	91.364	48.353	749.311	889.028
Samtals	1.083.807	576.559	11.058.748	12.719.113

¹ Allar tölur eru í þúsundum króna. Gengi miðast við gengi Bandaríkjadals í byrjun janúar hvers árs. Fjárhagsár varnarliðsins er frá byrjun október til loka september. Tölurnar eru samanlögð framlög Bandaríkjahers og Atlantshafsbandalagsins.

² 2001–2003 voru bæði suður/norður- og austur/vestur-brautirnar endurnýjaðar, þ.e. fræstar og endurmalbikaðar og flugbrautarljós endurnýjuð.

**Fjárfestingar og viðhald Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar
og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli.**

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Flugstöð Leifs Eiríkssonar										
Fjárfestingar	3.876	15.342	92.704	155.745	611.293	1.956.200	1.372.152	397.117	218.219	2.135.637
Viðhald	40.579	46.124	49.398	78.046	97.316	68.961	119.196	87.054	106.651	86.062
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli										
Fjárfestingar					35.500	23.100	30.000	24.600	205.200	16.100
Viðhald					600	4.200	3.400	4.900	2.500	1.900
Snjórúðningur	5.900	5.500	6.100	6.000	1.800	4.600	5.100	6.000	9.200	8.700
Samtals	50.354	66.965	148.202	239.791	746.509	2.057.061	1.529.849	519.671	541.770	2.248.399

Allar tölur eru í þús. kr.

Árin 1999, 2000 og 2001 var unnið að framkvæmdum við suðurbyggingu.

Árið 2004 voru fjárfestingar vegna flughlaða og stækkunar og breytingar á norðurbyggingu.

Árin 1995–1998 voru Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórn reknar sem heild.